

## Þuríður formaður (Ævintýri og sögur)



Myndin er fengin af: <http://www.sunnlenska.is/menning/6771.html>

Myndin er af Þuríði formanni en hún fæddist árið 1777 og varð 86 ára. Hún var mikill skörungur. Samheiti orðsins skipstjóri er formaður. Þuríður varð sem sagt skipstjóri. Hún var formaður á árabátum, enda þilskipin ekki komin til sögunnar. Hún bjó nánast alla ævi í Árnessýslu og gerði mest út frá Stokkseyri en einnig frá Eyrabakka og Þorlákshöfn.

Þuríður fór fyrst á vertíð með föður sínum og bróður aðeins 11 ára. Eftir það fór hún á vertíð að vori og hausti ár hvert. Hún fékk sérstakt leyfi sýslumanns til að klæðast karlmansfötum vegna sjómennskunnar. Þuríður stundaði sjósókn mestalla ævi eða til 1843 er hún hætti vegna heilsuþrestra. Hún varð háseti um 17 ára aldur en lengstum var hún svo formaður. Sérstakt var á þeim tíma (og jafnvel enn) að kona væri formaður á bát. Þuríður var vinsæl og þótti rækja hlutverk sitt vel. Hún var bæði varkár og áræðin.